



Fjárlaganefnd Alþingis

Umsögn Landbúnaðarháskóla Íslands um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2018–2022, 402. mál.

Hvanneyri 27. apríl 2017

Landbúnaðarháskóli Íslands tekur undir ákvæði í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar sem kveða á um eflingu háskólanna styðja þá í að halda uppi gæðum og standast alþjóðlega samkeppni um leið og samvinna og samhæfing íslenskra háskóla- og vísindastofnana verður aukin.

Ein meginforsenda þess að háskólar á Íslandi geti haldið uppi gæðum og staðist alþjóðlega samkeppni er sú að þeir búi við sambærilega fjármögnun og háskólar í nágrennalöndum okkar. Stjórnvöld hafa áður markað sér þá stefnu að meðaltali framlaga til háskóla í OECD-ríkjum skuli náð og síðar meðaltali hinna norrænu ríkjanna en Ísland er enn langt undir þeim markmiðum. Því miður er ekki að sjá að framlögð fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árin 2018-2022 sé í stakk búin til að fylgja eftir áðurnefndum markmiðum og stefnu.

Landbúnaðarháskóli Íslands lýsir yfir einlægum vilja til samstarfs við stjórnvöld um að efla starf sitt svo hann geti staðið undir því hlutverki að leiða þróun íslensks þekkingarsamfélags á fagsviðum sínum.

Landbúnaðarháskóli Íslands hefur gengið í gegn um miklar fjárhagsþrengingar sem svarað hefur verið með endurskipulagningu og aðhaldi, og er nú í fyrsta sinn í sögu sinni að skila ársreikningi með jákvæðan höfuðstól. Þarna lagðist á eitt breyttur rekstur og afskriftir alþingis á stórum hluta skulda skólans. Þessi mikilvægi áfangi hefur náðst á meðan nýráðningum starfsmanna hefur verið haldið niðri og ýmsar faglegar eyður í starfi skólans ekki fylltar.

Skólinn vill vekja athygli á að í samræmi við fjármálaáætlunina er hluta þess fjár sem varið er til verkefna Landbúnaðarháskóla Íslands beint í gegn um málefnasvið 12 Landbúnaður á meðan meginhluti fjárveitinga fer í gegn um málefnasvið 21 háskólar. Það yrði til mikils hagræðis ef þessi framlög yrðu sameinuð undir eitt svið 21 háskólar og skólinn þyrfti þá eins og aðrir háskólar aðeins að gera samning við eitt ráðuneyti um verkefni sín þ.e. Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Virðingarfyllt,

Björn Þorsteinsson

rektor